Fylgiskjal 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/911

frá 27. apríl 2026

um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 að því er varðar uppfærslu á skrám yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 109. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 ([2]) er kveðið á um skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun 2009/138/EB.

2) Framkvæmdastjórnin telur að tvær tegundir héraðsstjórna og staðaryfirvalda til viðbótar frá Frakklandi sem og tvær nýjar tegundir héraðsstjórna og staðaryfirvalda frá Lettlandi uppfylli skilyrði fyrir flokkun sem héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem sett eru fram í 85. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([3]). Bæta ætti þessum nýju tegundum og viðbótartegundum héraðsstjórna og staðaryfirvalda á skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 til að tryggja að þær séu ávallt uppfærðar og fara megi með áhættuskuldbindingar gagnvart þessum héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun 2009/138/EB.

3) Í kjölfar úrsagnar Bretlands úr Evrópusambandinu ætti að fjarlægja héraðsstjórnir Bretlands af skránum yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 til samræmis við það.

5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([4]).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 3, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/2011/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2015/35/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1094/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011

Ákvæðum 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) í Frakklandi: „région“, „département“, „commune“, „collectivité à statut particulier“ eða „établissement public de coopération intercommunale à fiscalité propre“,“

b) Eftirfarandi 6. lið a er bætt við:

„6a) í Lettlandi: „valstspilsētas pašvaldība“ eða „novada pašvaldība“,“

c) Liður 15 fellur brott.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
